

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

XXIV. árgangur.

1943.

Föstudaginn 8. janúar 1943.

Nr. 50/1942. **Árni Böðvarsson** (Lárus Jóhannesson)
gegn

**Bæjarstjóra Vestmannaeyja f. h. bæjar-
sjóðs** (enginn).

Lögtak. Útsvar.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Friðþjófur G. Johnsen, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum.

Af hendi stefnda hefur enginn komið fyrir hæstarétt í máli þessu, enda þótt löglega hafi verið stefnt, og hefur málið því verið skriflega flutt samkvæmt 1. tölul. 38. gr. hæstaréttarlaga nr. 112/1935 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 15. maí f. á., krefst þess, að hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður og lögtaksgerð verði úr gildi felld og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Í máli þessu var lögtaks krafizt í eignum áfrýjanda til tryggingar útsvari, er lagt var á hann í Vestmannaeyjum 1941, að fjárhæð kr. 4845.00, auk dráttarvaxta, að fjárhæð kr. 90.84. Enn fremur var lögtaks krafizt í eignum áfrýjanda til tryggingar útsvari Jóels Jóhannssonar, háseta á v/b Heimi V.E. 9, en það var að fjárhæð kr. 365.00 auk dráttarvaxta kr. 17.25. Var framkvæmt lögtak fyrir útsvörunum í fógetarétti þann 11. apríl f. á. eftir uppkvaðningu hins áfrýjanda úrskurðar.

Samkvæmt því, sem upp kom fyrir fógetaréttinum, var útsvar áfrýjanda sjálfs, sem nú telst heimilisfastur í Sel-

tjarnarneshreppi, lagt á hann vegna útgerðar vélbátsins Heimis V.E. 9, en bátur þessi er yfir 30 smálestir að stærð og skrásettur í Vestmannaeyjum. Í greinargerð sinni hér fyrir dómi segir áfrýjandi, að báturinn hafi undanfarin ár einungis verið gerður út frá Vestmannaeyjum um 2 mánuði á ári hverju, þ. e. um vetrarvertið, en á öðrum tímum árs hafi hann verið gerður út til síldveiða fyrir Norðurlandi og til flutninga á Faxaflóa o. fl. Útgerð bátsins frá Vestmannaeyjum, sú sem nú var lýst, verður ekki talin heimilisföst atvinnustofnun þar samkvæmt 8. gr. a-lið laga nr. 106/1936, sbr. 9. gr. b og c-lið sömu laga, og ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð og lögtaksgerð úr gildi, að því er útsvar áfrýjanda varðar.

Engin greinargerð var gerð fyrir fógeta um útsvar Jóels Jóhannssonar, sem áfrýjandi telur nú greitt, og ekki er vikið að því í hinum áfrýjaða úrskurði, þótt lögtaksgerðin virðist taka til þess. Ekki sést, að áfrýjanda hafi verið tilkynnt þessi útsvarsálagning samkvæmt 29. gr. laga nr. 106/1936. Þykir því þegar af þessum ástæðum rétt að fella lögtaksgerðina úr gildi, einnig að því er varðar þenna hluta lögtakskröfunnar.

Samkvæmt þessu þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 500.00.

Meðferð máls þessa í héraði er gölluð. Af skjölum málsins sést ekki, að fógeti hafi kveðið upp og birt úrskurð samkvæmt 4. gr. laga nr. 29/1885. Lögtaksgerðinni var beint gegn skipstjóra Heimis V.E. 9 sem umboðsmanni áfrýjanda, án þess að séð verði, að áfrýjanda, sem bjó í öðru lögsagnarumdæmi, hafi verið gert viðvart. Fógeti gerði aðiljum þess ekki kost að skýra málið samkvæmt 114. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936, þótt þess væri þörf. Atvikalýsingu í hinum áfrýjaða úrskurði er mjög áfátt og ekki er, eins og áður greinir, vikið þar að útsvari Jóels Jóhannssonar, sbr. 1. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936. Víta verður þessi vömm fógeta.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður og lögtaksgerð er úr gildi felld.

Stefndi, bæjarstjóri Vestmannaeyja f. h. bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Árna Böðvarssyni, kr. 500.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógataréttar Vestmannaeyja 11. apríl 1942 og lögtaksgerð sama dag.

Útsvar gerðarpola, Árna Böðvarssonar, sem hér um ræðir, er lagt á hann með tilliti til þess, að hann rekur hér í bæ atvinnurekstur, sem hér er heimilisfastur. Batur gerðarpola, v/b Heimir V.E. 9, (sem er að visu yfir 30 smálestir að stærð) er skrásettur í Vestmannaeyjum og hefur stundað þaðan fiskveiðar bæði árið 1940 og 1941 og gerir það enn. Rétturinn verður því að lita svo á, að heimild hafi verið til þess skv. útsvarslögunum nr. 106/1936 8. gr. að leggja hér útsvar á gerðarpola, og ber gerðin því fram að ganga.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð skal fram fara.

Fógeti lýsti þá yfir, að hann gerði lögtak í inneign gerðarpola hjá Lifrarsamlagi Vestmannaeyja fyrir allt að krónum 5352.89 til tryggingar ofanrituðum lögtakskröfum með lögtaks-kostnaði, þó að geymdum betri rétti þriðja manns, og brýndi fyrir umboðsmanni gerðarpola, að eigi mætti ráðstafa hinni lögteknunni inneign þannig, að í bága fari við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum. Jafnframt fól fógeti honum að skýra gerðarpola frá gerðinni.
